

Grunnmynd sökkla 1:50

A1
4B

Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs.
Yfirfarið
31 JULI 2014
Byggingarfulltrúi

Gröftur fyrir húsi:

Grafa skal fyrir húsinu niður á burðarhæfan jarðveg. Allt uppgrafið efni, sem ekki er hægt að nota til að fylla aftur umnverfis húsið, skal flutt burt.
Á. Ef vatn lettar í grunninn skal dæla því eða veita burt.
Áður en þrifalög eða undirstöður verða steypt skal hreinsa allan jarðveg, sand og lausa steina af yfirborði því, sem steypa leggst á.

Rippun, fleygun og sprengingar
Þegar ekki tekst að losa a.m.k. 20 m3 af möneliu eða klöpp á klukkustund með 24 L gröfu skal einið losað með rippun, fleygun eða sprengingum. Allt efni sem losað verður skal síðan flutt á leyfilegan losunarstað.
Gæta sérstakrar varúðar við sprengingar til að koma í veg fyrir að slys verði á mönnum og skemmdir á mannvirkjum. Við flutning, geymslu og notkun sprengiefnisins skal í einu og öllu fara eftir þeim reglum, sem í gildi eru um sprengiefni og meðferð þess.

Fylling undir sökkulveggi:

Fylla skal og þjappa undir sökkulveggi hússins í mest 0,3 – 0,5m lögum háð
Þyngd þess valtara, sem notaður verður. Fyllingarefnið skal vera frostþolið og þjappanlegt
hraunefni. það skal ekki inni halda meira en 3% af kornum, sem eru minni en
0,02mm miðað við haldarþyngd efnisins.
Leyfileg hámarkssteinastærð í fyllingarefninu er 1/3 af lagþykkt við þöppun.
Þjappa skal hvert lag þar til þöppunin uppfyllir eftirfarandi skilyrði:
E2 > 100 Mpa og E2/E1 < 2.3 fyrir bögglaberg
Miða skal við að þjappa minnst 6 umferðir með 3 – 5 tonna titurvaltara auk þess að uppfylla ofangreindar kröfur.

Almennar skýringar við sökkla og útveggi:

Steypa S250 í sökklum, botnplötu og útveggjum.
Stál KS50 en lykkjur og vínklar KS50S.
Steypuhula á jarnum 30mm.
Göt í sökkla skal gera skv. frárennslisteikningu.
Kringum öll op skal setja 2K12 sem nái a.m.k. 60cm útfyrir
brún ops, nema annað sé tekið fram. Sama gildir fyrir veggenda.
~~Sökklar standi á þöppuðu bögglabergi, E2>100Mpa, E2/E1<2,3~~

Tengja skal liggjandi járn í sökkli skv. ökvæðum Rafmagnsveitunnar.
Í botnplötu má nota mottu K189 í stað #K10c/c300mm.

Undir botnplötu skal einangra með 100mm einangrun.

Almennar skýringar við Þakvirki:

Burðarvirki timbur a.m.k. K18 (T1, ÍST INSTA 142) og límtré L40 skv. ÍST DS 413:1998
Burðarvirki stál ÍST DS 412:1998, Ryðvörn skv. teringarflokki 1.
Heilklæða skal Þak með 1"x6" (25x150mm) og negla galv. í hverja sperru.
Bárujárn skal negla með 43/75 (3"galv.) kambsaum. í hverja báru við þakbrún
en annars skal negla í aðra hverja báru. Naglaraðir skulu vera með 600mm millibili.
Hliðra skal neglingu við Þakbrún þannig að hún lendi í sitthvoru borðinu.
Allar ónefndar sperrur eru 2"x9" (50x225mm).
þar sem fótreim leggst að steypu (eða vegglægja) skal setja tjörupappa á milli.
Útfæra skal loftun í Þakið/Þakkant ásamt snjógildru í Þakkant skv. teikningu arkitekts og í samráði við arkitekt.
Setja skal Þjónustulúgu fyrir lokað lokað rými í Þaki (ef loft niðurtekið) og skal staðsetning og frágangur (t.d. brúnavörn) vera í samráði við arkitekt.

RF brettaskinnur skulu vera a.m.k 3mm þykkar, gerðar fyrir viðkomandi bolta/skrúfu.

Steypa að útilofti skal uppfylla eftirfarandi:

Sementsmagn a.m.k. 300kg í rúmmeter steypu.
V/S minni en 0.55. Loftinnihald a.m.k. 5%

Álagsforsendur húss:

Grunngildi vindálags= 1,67KN/m2, (Kt=0,18, Ze=5,5m, Zo=0,03m, Qref=0,81KN/m2).
Grunngildi snjóálags= 1,0 KN/m2. (Áfokssstuðuli Ce=0,6, formfaktor Ci=0,8, Sk=2,1KN/m2).
Jarðskjálftaálag skv. Þjóðarskjali.
Húsið er reiknað skv. flokki B skv. byggingarreglugerð (frístundahús).

Skeytilengd járna:

Skeytilengd járna skal vera skv. eftirfarandi töflu nema annað sé tekið fram.
K10: Skeytilengd a.m.k. 40cm.
K12: Skeytilengd a.m.k. 48cm.
K16: Skeytilengd a.m.k. 64cm.
K20: Skeytilengd a.m.k. 80cm.
K25: Skeytilengd a.m.k. 100cm.
Bendistál (kambstál og stálmattur) skal beygja um skífu sem hefur þvermál a.m.k. 20 x þvermál járnsins.
Skeytum skal dreifa og forðast skal eftir föngum að skeyta á stöðum sem mest á reynir.
Bendistál skal hafa gallalaust yfirborð og vera laust við óhreinindi, fitu, málingu, ryðflögur og því um líkt. þess skal gætt í allri meðferð stálsins, að það bogni ekki eða snúist.

Framleiðandi/sáluaðili gluggakerfis (glers og pósta) skal
á framkvæmdastigi leggja fram útreikninga þ.m.t. formstuðla (formfaktora)
á gleri, gluggapóstum og festingum í gluggaopi.
Álagsforsendur: Grunngildi vindálags 1,67KN/m2.
Hámarkssvignun skv. byggingarreglugerð, hús í flokki B.
Formfaktorar skulu vera skv. DS410:1998. Öryggisstuðlar skv. ÍST DS409:1998.

Millibil milli sökkulssúlna í verönd (S2) skal ekki vera meira en
2000mm og jafnaði (spanvídd dregara 2x2"x6" verði 2000mm).
Millibil milli gólfbita 2"x5" í verönd skal vera 550mm og spanvídd c.a.
2000mm og jafnaði (millibil milli dregara 2x2"x6" verði 2000mm).

þar sem dregarar fyrir verönd koma að húsi (þá eru gólbitar verandar samsíða húsi/sökkli), skal festa dregara verandar við sökkul húss með BMF bjálkaskó 100x140mm og neglingu
6stk BMF40/40 í dregara og múrboltar 2x1stk UPAT Express M12/05, L=80mm í sökkul hver skór

Gæta skal þess að loftun sé nægjanleg undir verönd.

~~Gólf í bílskúr, Þvottahúsi og baðherbergi halli að niðurfalli.~~
þar sem gólfhitalagnir eru sýndar undir milliveggi/fastar innréttingar skal gæta sérstaklega að festingu sökkuls veggja/innréttinga við gólf.

Ásteypulag Anddyri með styrk zúmra eða sambærilegt.
Venjuleg múrflögn í ~~bílskúr~~, Þvottahúsi, anddyri og baði.

20mm einangrunarmotta undir ásteypulag (t.d. REHAU tákkamotta)
Einangrunarmottu steppt í ~~bílskúr~~, Þvottahúsi, anddyri og baði.

Gólf í bílskúr er "malargólf". Gólfplata ekki steypt.

Áritun aðalhönnuðar skv. byggingarreglugerð
(samræming séruppdrátta)

Landnúmer: 219735, mhl. 01.
Staðareinir: 8719-1-28400170

Breytingar		
Nr.	Dags.	Naín

Brekkur 17 Grímsnes og Grafningshreppi

TækniÞjónusta Bjarna Árnasonar ehf.
Smiðjuvegi 11 s: 564 2260, 894 0992
Netfang: bjarnior@simnet.is

Grunnmynd sökkla
Skýringar við burðarvirki

Mkv. 1:50/20
Nr. 1B
Dags. 12.08.'13
Bjarni Árnason
kt.: 290461-4489